

## Áfangalýsing

Heiti áfanga: **NORS3EE05**

Staða áfanga: NORS3EE05 er fimmti áfanginn í norsku á menntaskólastigi, að loknum NORS2AA05, NORS2BB05, NORS3CC05 og NORS3DD05, samkvæmt *Aðalnámskrá framhaldsskóla – erlend tungumál* (2011). Þetta er lokaáfanginn.

Norska er kennslumálið í öllum áföngunum.

Stutt lýsing á áfanganum: Í þessum áfanga reynir enn meira á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, siðvitund þeirra, skipulag og vinnugleði. Nemendur lesa norskar bókmenntir og fjalla um þær í rituðu máli. Þrjár bækur eru valdar í samráði við kennara, þær ræddar í sameiginlegum umræðutímum og greinargerðum um þær skilað á tilgreindum dögum (sjá námsáætlun).

Nokkur lykilmarkmið áfangans:

Að nemandinn

- lesi úrval norskra bókmennta frá ólíkum tímum,
- kynni valbækurnar sínar og ræði þær í umræðutímum, og taki þátt í umræðu um aðrar bækur,
- þekki hugtök og helstu aðferðir við bókmenntagreiningu vel,
- vinni sjálfstætt að þekkingaröflun með gagnrýnu hugarfari,
- virði höfundarrétt og noti heimildir á réttan hátt,
- viði að sér þekkingu og tjái hana í rituðu máli með eigin orðum,
- skrifi vandaða greinargerð um hverja valbók,
- viti nokkur deili á norskri bókmenntasögu og geti sett bækur í sögulegt samhengi,
- noti málið markvisst til að miðla þekkingu sinni og annarra, bæði munnlega og skriflega,
- sýni í verki aukið vald á ritmáli, fjölbreyttum orðaforða, orðatiltækjum og orðasamböndum,
- taki ábyrgð á eigin námi, skilji gildi eigin frumkvæðis og vinnu, og geti metið kunnáttu sína og annarra á raunhæfan hátt.

Námsmat: Mat í NORS3EE05 er símat og byggist á vinnuframlagi nemenda á önninni: lestur/undirbúningur, virk þátttaka í umræðutímum, meðferð heimilda, 3 skriflegar greinargerðir.

Målet med norskundervisning i videregående skole er å:

- forbedre elevenes språklige kompetanse ved å øke deres ordforråd gjennom diverse øvinger og lesning av ulike teksttyper og litteratur,
- øve grammatisk struktur og tekst-analyse,
- utvide deres evne til å uttrykke seg både muntlig og skriftlig,
- gi elevene nærmere innsikt i norsk litteratur og det norske språkets utvikling i norsk samfunn i dag, og i landets historie,
- vedlikeholde og bygge ut elevenes språkkunnskaper for å klare seg i nordiske samfunn og gi dem anledning til å oppleve, bli engasjert, undre seg og få innsikt i andre menneskers tanker og livsbetingelser.